

Stjórnarfundur fundargerð 12.3.2019

Staðsetning:	Ólafíustofa, Pilestredet park 20, 0176 Oslo
Dagsetning:	12.03.2019
Fundar tími:	17:30
Fundi slitið:	21:00
Til staðar:	Formaður - Rúnar (RS), Vara formaður - Jónína (JMA), Gjaldkeri - Ingvar (II), Ritari - Björn (BH) og með stjórnandi - Rebekka (RI).

Dagskrá

1. Samþykkja fundargerð síðasta fundar
2. Fara yfir stöðu fjármála
3. Fundur með sendiherrum
4. Ráðning nýs prests
5. Aðalfundur 5. maí
6. Bréf frá Plan- og bygningsetaten
7. Fermingarhelgi - Uppkast að dagskrá
8. Á döfinni
9. Önnur mál

Umræður

1. Ritari les upp fundargerð síðasta stjórnarfundar og hún samþykkt.
2. Fjármál í réttum farvegi; 250.000 - 300.000 í rekstrargjöld á mánuði. II átti fundi með 3 bókhöldurum sem koma til greina að taka við af núverandi bókara, einn stendur uppúr (Aketo AS), og er minnst 20% ódýrari.
3. RS átti klst fund með sendiherra, ræddu stöðu safnaðarins og gagnvart ríkinu, og var sendiherra nokkuð vel upplýstur. Sendiherrar Svíþjóðar og Íslands ætla að skrifa saman stuðningsbréf sem tengir söfnuðina betur saman. Knut verður með þegar boðað verður til fundar með sendiherrum þegar kaþólikkar hafa fengið sinn dóm. Væntanlega um 10 milljónir í kröfur í okkar hönd.
4. Ráðning nýs prests - Uppkast að starfssamning: Trúnaðarmál.

5. Engar tillögur til aðalfundar hafa borist. Mögulegir fundarstjórar: Þór Garðarsson eða Steinunn Þórðardóttir. Einn vantar í stjórn Ólafíusjóðs, og Ómar og Þórhallur gefa kost á sér í listanefnd. Tvo vantar í stöðu varamanna í söfnuðinn. RS hefur samband við kjörnefndina.

6. RS sér um að hafa samband við Gunnar Kind og ganga frá málum. Athuga þarf hversu margir mega vera samtímis í Ólafíustofu.

7. Sjá viðlagt skjal með hugmyndum um fermingarhelgina 12.-14. apríl 2019 í Norefjell. SAS er með góðar tímasetningar. Kostnaður: fimm börn í flug og eitt í lest kosta um það bil 6000 kr. Lena Rós mun koma og hafa kennslustund. Virkja einstaklinga úr ungmennahópnum til starfa um þessa helgi. Rúnar sendir uppkast að bréfi til fermingarbarnanna, helst í viku 12. Krakkarnir þurfa að skrá sig, RS hefur samband við þau sem þurfa að fljúga.

8. Sjötti fundur 60+ verður haldinn fimmtudaginn 14. mars í Ólafíustofu, og margir hafa tilkynnt þátttöku sína. Vorferð hópsins er í undirbúningi.

Næsti fundur fermingarbarna verður 7. apríl í tengslum við messuna. JMA verður þar til aðstoðar.

Ný heimasíða safnaðarins er í vinnslu.

Skráning ferminga 2020 er kominn á netið, og nokkrar fyrirspurnir hafa komið frá foreldrum.

TTT er með eigin Facebook síðu undir stjórn JMA.

9. Önnur mál.

Lagt til að færa hátíðarhöld 17. júní til 15. júní. Umræðu tókst ekki að ljúka. Athuga hvort Nordbergkirkja er laus þá helgi.

Stefnt að hittingi fyrir ný fermingarbörn 2020 í fyrstu viku eftir skólaslit eða síðustu viku fyrir skólabyrjun, 3-5 daga dagskrá.

Fastlínukerfi og öðrum óþarfa símanúmerum hefur verið sagt upp (RS).

Þóknun fyrir fundarsetur hefur staðið í stað í 15 ár, tillaga um hækkun rædd og samþykkt.

Næstu fundir verða 9. apríl og 30. apríl.

Fundi slitið kl 21:00

Samþykktir	Ábyrgð	Frestur	Næsta verkefni
Semja við AKETO AS	II		
Hækkun þóknunar til fundarmanna	Allir		

Verkefnalisti	Ábyrgð	Frestur	Staða	Næsta verkefni
Ljúka við allar fundargerðir	RS, BH			
Boða sendiherra og Knut til fundar eftir dóm í máli kaþ. kirkju	RS			
Ljúka máli við Plan- og bygningsetaten. Hafa samband við Gunnar Kind.	RS			
Senda bréf til fermingarbarna	RS	22.03.19		
Hönnun nýrrar heimasíðu	RS			